

**5. fundur skóla-, íþróttá- og tómslundanefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnarsýsluhúsinu á Ísafirði, miðvikudaginn
15. maí 2024 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Finney Rakei Árnadóttir formaður, Hrafnhildur Hrönn Óðinsdóttir varaformaður, Þórir Guðmundsson aðalmaður, Elísabet Samúelsdóttir aðalmaður og Steinunn Guðný Einaradóttir varamaður.

Embættismenn:

Hafdís Gunnarsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómslundasviðs og Dagný Finnbjörnsdóttir, íþróttá- og æskulýðsfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Hafdís Gunnarsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómslundasviðs.

Dagskrá:

1. Starfshópur um skipulag og starfsumhverfi í leikskólum Ísafjarðarbæjar 2024. - 2024010134

Lagðar fram tillögur starfshóps um skipulag og starfsumhverfi í leikskólum Ísafjarðarbæjar sem hélt sinn lokafund 8. maí 2024.

Skóla-, íþróttá- og tómslundanefnd kallar eftir umsögnum um tillögurnar frá foreldrum leikskólabarna, starfsfólki leikskóla og Hjallastefnunn.

2. skóladagatal grunnskóla Ísafjarðarbæjar fyrir skólaárið 2024-2025 - 2024040142

Lögð fram skóladagatal fyrir Grunnskóla Önundarfjarðar, Grunnskólann á Suðureyri, Grunnskóla Ísafjarðar og Grunnskólann á Þingeyri.

Skóla-, íþróttá- og tómslundanefnd gerir ekki athugasemdir við dagatölin.

3. Skóladagatal 2024-2025 - 2024040161

Lagt fram til kynningar skóladagatal Tónlistarskóla Ísafjarðar fyrir skólaárið 2024-2025.

Dagatal lagt fram til kynningar.

4. Hreystivöllur við Hlíf - 2020090088

Lagt fram erindi frá Baldvinu Karen Gísladóttur, Salome Ingólfadóttur og Árna Heiðari Ívarssyni dags. 10. maí 2024 varðandi hreystitæki í eigu Ísafjarðarbæjar. Leggja þau til að tækin verði sett upp inn í Tunguskógi.

Nefndin þakkar bréfiturum fyrir erindið.

Á grundvelli þess að búið er að deiliskipuleggja svæðið þar sem hreystitækin eiga

5. fundur skóla-, íþróttá- og tómstundanevndar

fara upp við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða er heppilegast að þau fari upp þar. Skóla-, íþróttá og tómstundanevnd telur það óboðlegt að tækin séu ekki enn farin upp og leggur ríka áherslu á að þau fari upp sem allra fyrst. Jafnframt leggur nefndin til að ný hreyttækí verði keypt á næsta ári og þau sett upp inn í Tunguskógi.

5. Við djúpið - Leikjanámskeið 2024 - 2023100070

Lögð fram styrkbeiðni Bjarneyjar Ingibjargar Gunnlaugsdóttur fyrir hönd tónlistarhátíðarinnar Við djúpið, dags. 3. maí 2024, sem nemur launum fyrir tvo leiðbeinendur í viku á meðan leikjanámskeið fer fram.

Skóla-, íþróttá- og tómstundanevnd telur þetta vera flott verkefni en er þeirrar skoðunar að Ísafjarðarbær eigi ekki að þurfa greiða laun starfsmanna námskeiðsins eða sambærilegra námskeiða.

Nefndin leggur til að stofnaður verði sjóður þar sem hægt er að styrkja leikja- og tómstundastarf barna og ungmenna yfir sumartímann.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:45

Finney Rakel Árnadóttir

Hrafnhildur Hrönn Óðinsdóttir

Pórir Guðmundsson

Elísabet Samúelsdóttir

Steinunn Guðný Einarsdóttir

Hafdís Gunnarsdóttir

Dagný Finnbjörnsdóttir